

Fundargerð

376. fundur í hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps, haldinn miðvikudaginn 12. september 2007, á skrifstofu Tálknafjarðarhrepps kl. 17.00.

Dagskrá

1. Fundargerðir nefnda.

- a) Fundargerð atvinnumálanefndar dags. 7.júlí og 3.ágúst 2007
Samþ. Samhlj.
- b) Fundargerð bygginganefndar dags. 7.september 2007
Eyrún I. Sigþórsdóttir vísar af fundi Guðni stjórnar í hennar stað og Guðlaugur kemur inn, fundargerðin samþykkt samhljóða.
- c) Fundargerð skólanefndar dags. 13.ágúst 2007
Samþ. samhljóða
- d) Fundargerð skólanefndar dags. 25.ágúst 2007
Samþ. samhljóða
- e) Fundargerð skólanefndar dags. 4.september 2007
4 samþ. Bragi situr hjá
- f) Fundargerð skólanefndar dags. 5.september 2007
Guðni Ólafsson vísar af fundi, Guðlaugur Jónsson kemur inn í hans stað
Samþ. Samhlj.
- g) Fundargerð skólanefndar dags. 6.september 2007
Bragi vísar af fundi, samþ. Með 4 atkvæðum
- h) Fundargerð félagsmálaráðs dags. 4.september 2007
Samþ. samhljóða
- i) Fundargerð stjórnar Minjasafns Egils Ólafssonar dags. 13.8.2007
Lagt fram til kynningar.

2. Sjávarútvegsráðuneytið bréf dags. 23.ágúst 2007

- **Úthlutun byggðakvóta heimild til endurupptöku málsins.**

Bréf oddvita dags. 29.ágúst 2007 – *beiðni um frest á skilum tillagna*

Bréf oddvita dags. 10.ágúst 2007 – *úthlutun ekki í samræmi við vilja sveitarstjórnar sjá fundargerð 372.fundar 24.maí 2007.*

Bréf oddvita dags. 1.júní 2007 – *úthlutunarreglur*

Úthlutun byggðakvóta fiskveiðiárið 2006-2007, - *Fiskistofa 3.ágúst 2007*

Áður send gögn :

Bréf Sjávarútvegsráðuneytis dags. 21.maí 2007 – *gögn fundar 372, 24.maí*

Reglugerð nr. 439/2007 – *gögn fundar 372, 24.maí*

Reglugerð nr. 440/2007 – *gögn fundar 372, 24.maí*

Eyrún og Bjarnveig víkja af fundi, Guðni tekur við stjórn fundarins, Marion kemur inn.

Eftirfarandi tillaga var lögð fram: Við úthlutun til skipa verði stuðst við reglugerð 439/2007 að undanskildum eftirfarandi breytingum:

1. 1. Grein c.-liður verði felldur út, aðeins vegna fiskveiðiársins 2006/2007.
2. Byggðakvóta til fiskiskipa verði úthlutað hlutfallslega og tekið mið af lönduðum afla á Tálknafirði frá 1. Júlí 2006-30. Júní 2007.
*Hreppsenefnd vekur athygli á því að Fiskistofa annast úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á grundvelli reglna sem um það gilda. Fiskistofa mun auglýsa eftir umsóknum í byggðakvóta og þurfa útgerðir fiskiskipa að sækja um til Fiskistofum skv. auglýsingu.
Samþ. Með 4 atkvæðum.*

3. Skólamáltíðir.

- Undirritaður samningur lagður fram á fundinum.
Ingólfur vikur af fundi veegna afgreiðslu á liðum 3 og 4.
Samningurinn samþ. Með 4 atkvæðum.

4. Jörgína Jónsdóttir bréf dags. 3.september 2007

- Uppsögn á samningi á skólamáltíðum
Oddvita falið að hafa samband við ESG veitingar og Jörgínu Jónsdóttur vegna málsins.
Samþ. Með 4 atkvæðum.

5. Fjórðungssamband Vestfirðinga bréf dags. 13.júlí 2007

- Samþykktir Menningarráðs Vestfjarða
Hreppsenefnd Tálknafjarðarhrepps staðfestir samþykktir fyrir menningarráð Vestfjarða. Samþ. Samhljóða.

6. Samstarfssamningur Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps um starfrækslu barnaverndarnefndar.

- Eldri samningur dags. 1.júní 1998
- Drög að nýjum samstarfssamningi
Oddvita falið að undirrita nýjan samstarfssamning fyrir hönd Tálknafjarðarhrepps með gildistíma frá og með 1. Janúar 2008. Samþ. Samhljóða.

7. Alþingi Sturla Böðvarsson bréf dags. 9.ágúst 2007

Meirihluti hreppsenfndar leggur fram eftirfarandi ályktun:

- **VESTFJARÐARVEGUR 60 - ENDURUPPBYGGING**
- Hreppsenefnd Tálknafjarðarhrepps lýsir yfir ánægju sinni með afstöðu þingmanna Norðvesturkjördæmis hvað varðar endurbyggingu Vestfjarðarveggar 60. Þingmenn kjördæmisins eru einhuga um þá stefnu að við endurbyggingu Vestfjarðavegar 60 eigi að miða við að unnið verði í samræmi við tillögu Vegagerðarinnar um þverun Þorskafjarðar.
- Hreppsenefnd Tálknafjarðarhrepps fer fram á að samgönguráðherra beiti sér fyrir því að við uppbyggingu Vestfjarðavegar 60 verði ekki hlé á framkvæmdum þ.a. hönnun og útboð fari fram ásamt umhverfismati þar sem það á við.
- **VESTFJARÐAVEGUR 60 - ÁSTAND Í DAG**
- Hreppsenefnd Tálknafjarðarhrepps tekur undir með Bæjarráði Vesturbyggðar og skorar á samgönguyfirvöld að Vestfjarðavegur 60 frá Bjarkalundi í Flókalund, verði gerður aksturshæfur. Ástand malarkafli vegarins er svo slæmt að ótryggt er fyrir vegfarendur að fara þar um.

Nokkur dæmi eru um skemmdir á bifreiðum, brýn nauðsyn er á að laga veginn svo koma megi í veg fyrir hættu á eignatjóni svo ekki sé talað um slys á fólki.

Samþykkt samhljóða.

8. Umsóknir um leyfi til kattahalds í Tálknafirði.

- Deborah Eaves
 - Hans Pauli Djurhuus
 - Fríða Sigurðardóttir
 - Eva Mist Guðmundsdóttir
 - Helga Birna Berthelsen
 - Bjarnveig Guðbrandsdóttir
 - Pálína Kristín Hermannsdóttir
 - María Berg Hannesdóttir/Pálína Kristín Hermannsdóttir
 - Kristján Hannesson
- Bjarnveig vísar af fundi, Guðlaugur kemur inn í stað hennar
Allar umsóknir samþykktar samhljóða.

9. Slökkvilið Höfuðborgarsvæðisins.

- Beiðni um styrk
- Beiðninni hafnað með öllum greiddum atkvæðum.

10. Samband íslenskra sveitarfélaga bréf dags. 7.september 2007

- Viðmiðunarreglur um kirkjugarðsstæði ofl.
- Erindið sent byggingafulltrúa og bygginganefnd til kynningar.

11. Samgönguráðuneytið bréf dags. 20.ágúst 2007

- Lagt fram til kynningar.

12. Samband íslenskra sveitarfélaga bréf dags. 5.september 2007

- Fundargerð fundar um hagsmunagæslu í úrgangsmálum.
- Oddvita falið að tilkynna Sambandinu um þátttöku í verkefninu.
Samþ. Samhljóða.

13. Samband íslenskra sveitarfélaga.

- Fundargerð stjórnar sambandsins dags. 30. ágúst 2007
- Lagt fram til kynningar.

14. Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands bréf dags. 21.ágúst 2007

- Ágóðahlutagreiðsla 2007, lagt fram til kynningar.

15. Arkitektafélag Íslands bréf dags. 27.ágúst 2007

- Íslensku byggingarlistaverðlaunin, lagt fram til kynningar.

16. Upplýsingagjöf framkvæmdarstjóra.

Sparkvelli er að mestu lokið, aðeins eftir að setja upp girðingu og lýsingu við völinn. Slitlag á götur er enn í biðstöðu vegna vöntunar á efni og óhagstæðs tíðarfars upp á síðkastið. Verið er að lagfæra neysluvatnslögn í Miðtúni 2. Vilji er fyrir því hjá slökkviliðum Vesturbyggðar og Tálknafjarðar að sameinast. Í skoðun er að launaútreikningur verði framkvæmdur af starfsmanni Vesturbyggðar.

17. Önnur mál.

Erindi frá Sæferðum um breytingu á vetraráætlun, hreppsenefnd samþykkir áætlunina fyrir sitt leyti.

Fleira ekki fyrir tekið, fundi slitið kl. 19.20.

Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir

Guðni J. Ólafsson

Bjarnveig Guðbrandsdóttir

Bragi Geir Gunnarsson

Ingólfur Kjartansson

Guðlaugur Jónsson

Marion G. Worthmann

Ása Jónsdóttir